



Reykjavík, 13. september

2018

R18050226

HBL/bþ

## Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### **Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um útvíkkun félagsstarfs félagsmiðstöðvarinnar Frosta**

Á fundi borgarráðs þann 6. september 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. maí 2018 og 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 30. ágúst 2018, ásamt umsögn skóla- og frístundasviðs frá 27. ágúst 2018:

Lagt er til að Félagsmiðstöðin Frosti útvíkki starf sitt og bjóði ungingum í Skerjafirði upp á frístundastarf einu sinni í viku í tilraunaskyni.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að frístundatilboð standi öllum börnum til boða í borginni, ekki er hægt að sjá af umsögninni hver endanlegur kostnaður er við tillöguna. Óskað er skýringa hver kostnaðaraukinn væri, þar sem hann er ekki tilgreindur í umsögninni.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillag borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins

SKJALANER	HÖFDATORGI
17. SEP. 2018	
Málsnr.: SFS.2018.05.0228	
Bréfalykill: 8.4	

## **Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins**

Lagt er til að Félagsmiðstöðin Frosti útvíkki starf sitt og bjóði unglungum í Skerjafirði upp á frístundastarf einu sinni í viku í tilraunaskyni.

### **Greinargerð:**

Unglingar í Skerjafirði þurfa að fara um langan veg til að sækja frístundamiðstöð auk þess sem strætótengingar við Vesturbæinn eru slæmar og því nauðsynlegt að koma til móts við þau með því að bjóða upp á frístundastarf í hverfinu og stað til að hittast á. Aðstaða er þegar til staðar í gamla Shellhúsinu og á Þorragötu.